

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

Íslensk verðbréf hf. leggja höfuðáherslu á heiðarleika og óhæði í starfsemi sinni. Félagið er verðbréfafyrirtæki með áherslu á eignastýringu og verðbréfamiðlun. Félagið stundar ekki eigin viðskipti eða útlánastarfsemi.

Félagið leggur áherslu á góða stjórnarhætti og skilyrðislausu fylgni við lög, reglur og samþykktir félagsins. Félagið fylgir að fremsta megni svokölluðum „Stjórnarháttum fyrirtækja“ sem er leiðbeiningarit sem kom fyrst út árið 2004 í samstarfi Viðskiptaráðs Íslands, Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins. „Stjórnarhættir fyrirtækja“ hafa að geyma leiðbeiningar um innleiðingu á ákveðnum vinnureglum, umfram það sem kveðið er á um í lögum. Þeim er meðal annars ætlað að styrkja innviði fyrirtækja, auka traust almennings á starfsemi þeirra og auka gagnsæi í samskiptum félagsins, stjórnar og hluthafa. Ritið er nú aðgengilegt í 5. útgáfu frá júní 2015, á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands <http://www.vi.is>.

Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Eitt grundvallaratriðið í leiðbeiningum um stjórnarhætti er að gera þarf grein fyrir öllum frávikum frá leiðbeiningunum, svokölluð „comply or explain“ regla. Með vísan til þessa er hér með gerð grein fyrir eftirfarandi frávikum:

- Stjórn hefur ekki sett sér skriflegar reglur um siðferði og samfélagslega ábyrgð sbr. gr. 2.10 Félagið leggur þó mikið upp úr góðu siðferði og samfélagslegri ábyrgð í störfum sínum og endurspeglast það í starfs- og verklagsreglum félagsins. Þá styrkir félagið umhverfi sitt og samfélag nær og fjær, hvetur til heilbrigðar hreyfingar og tómstunda starfsfólks og umræðu um samfélagsmál.
- Miðað við umfang og eðli starfsemi félagsins og fjölda hluthafa er ekki talin þörf á því að skipa sérstaka tilnefningarnefnd stjórnar sbr. gr. 1.5. leiðbeininganna.

Starfsemi félagsins og áhættuþættir

Íslensk verðbréf hf. eru sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002. Félagið hefur starfsleyfi til eignastýringar, ráðgjafar og verðbréfamiðlunar. Hjá félaginu og dótturfélagi eru nú 20 starfsmenn.

Félagið lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Áhættustýring, regluvarsla og virkt innra eftirlit er mikilvægt í starfsemi félagsins. Regluleg upplýsingagjöf er til stjórnar um framangreind atriði.

Eitt af dótturfélögum Íslenskra verðbréfa er ÍV sjóðir hf., sem er rekstrarfélag og rekur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði skv. lögum nr. 128/2011.

Innri endurskoðun er í höndum KPMG ehf. Þá hefur félagið samið við Enor ehf. um ytri endurskoðun félagsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri

Stjórn Íslenskra verðbréfa er skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Meirihluti stjórnar er óháður félaginu og stjórnendum þess. Þá eru þeir jafnframt óháðir stórum hluthöfum, en enginn hluthafi á yfir 10% eignarhlut í félaginu.

Stjórn er kosin á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í góðu horfi og í samræmi við þau lög og reglur sem um starfsemina gilda. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega. Auk stjórnar sitja að jöfnu framkvæmdastjóri og forstöðumaður lögfræðisviðs fundi stjórnar. Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og getur ein veitt prókúruumboð fyrir félagið. Stjórn félagsins ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórnin starfar samkvæmt „Starfsreglum stjórnar“ þar sem kveðið er ítarlega á um störf hennar auk þess sem nánari starfslýsingu stjórnarformanns er þar að finna. Starfsreglur stjórnar eru birtar á heimasíðu félagsins. Þá setur stjórn sér starfsáætlun í lok hvers árs fyrir næstkomandi ár. Stjórn framkvæmir reglulega árangursmat á störfum sínum og störfum framkvæmdastjóra.

Í lok árs 2015 skipaði stjórn félagsins sér endurskoðunar- og áhættunefnd og starfskjaranefnd. Í fyrrnefndu nefndinni sitja stjórnarmennirnir Oddgeir og Anna, auk Sigurður Þórðarsonar, fyrrum ríkisendurskoðanda, sem jafnframt er formaður hennar. Nefndin fer með störf áhættunefndar skv. 4. mgr. 78. gr. l. nr. 161/2002. Í starfskjaranefnd voru skipuð stjórnarmennirnir Heiðrún og Eiríkur. Stjórnin setur nefndunum starfsreglur.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að biða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsmenn félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins en skal hafa samráð við stjórn við ráðningar ef við á.

Upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra

Heiðrún Jónsdóttir er stjórnarformaður félagsins. Hún starfar sem héraðsdómslögmaður hjá Fjeldsted & Blöndal lögmannsstofu.

Heiðrún er fædd árið 1969. Hún er Cand. Jur. frá Háskóla Íslands 1995. Hún hlaut réttindi til þess að starfa sem héraðsdómslögmaður árið 1996 og lauk prófi í verðbréfavíðskiptum árið 2006.

Heiðrún var lögmaður hjá Lögmannsstofu Akureyrar 1995-1998, Hún var starfsmannastjóri og lögfræðingur KEA á árunum 1998-2001. Þá var hún upplýsingafulltrúi Landssíma Íslands hf. á árunum 2001-2003. Hún var framkvæmdastjóri LEX lögmannsstofu og síðar meðeigandi á árunum 2003-2005. Frá 2006-2012 var hún framkvæmdastjóri samskipta- og lögfræðisviðs Eimskipafélags Íslands hf.

Heiðrún er stjórnarformaður í Norðlenska ehf. Auk þess situr hún í stjórnnum Olíuverslunar Íslands hf., Reiknistofu bankanna hf., Símans hf., Silicor Materials Iceland ehf., Silicor Materials Iceland holdings hf., og Landssamtökum lífeyrissjóða. Þá er hún varamaður í stjórn Lögmannafélags Íslands.

Heiðrún hefur setið í stjórn Íslenskra verðbréfa hf. frá aðalfundi 2014. Hún á ekki hlutabréf í félaginu.

Eiríkur S. Jóhannsson er varaformaður stjórnar. Hann er forstjóri Slippsins Akureyri ehf.

Eiríkur er fæddur 1968. Hann er með BS í hagfræði frá Háskóla Íslands frá 1991. Þá hefur hann sótt sérhæfð námskeið á sviði fasteigna fjárfestinga hjá IPD í London 2006 og Harvard Business School 2012. Eiríkur tók við sem forstjóri Slippsins á árinu 2015. Áður var hann framkvæmdastjóri Steinvirkis hf. frá 2008 og þar áður forstöðumaður og framkvæmdastjóri hjá Baugi Group hf. Á árunum 2004-2005 var Eiríkur forstjóri Og Vodafone hf. og Dagsbrúnar hf.

Eiríkur er stjórnarformaður Kaldbaks ehf. Kaldbakur fer með 9,99% hlut í félaginu. Eiríkur settist nýr í stjórn félagsins í nóvember 2015.

Anna Guðmundsdóttir er fjármálastjóri Gjögurs hf.

Anna er fædd 1967. Hún er Cand. Oecon frá Háskóla Íslands 1990. Hún hefur starfað sem fjármálastjóri Gjögurs hf. frá 2008. Áður var hún framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandspósts hf. frá 1998-2007. Hún var framkvæmdastjóri Fiskvonar ehf. og Kjálkaness ehf. 2011-2013. Anna situr í stjórnnum Gjögurs hf., Kjálkaness ehf., Síldarvinnslunnar hf., Gullbergs ehf. og Þingstaða ehf. Hún situr jafnframt í stjórn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Þá er hún fráfarandi varamaður í stjórn Sjóvár hf.

Anna settist ný í stjórn félagsins í nóvember 2015. Anna fer með 22% eignarhlut í Kjálkanesi ehf. sem á 5% eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf.

Oddgeir Ágúst Ottesen er framkvæmdastjóri Integra ráðgjafar.

Oddgeir er fæddur 1973. Oddgeir er með doktorspróf í hagfræði frá University of California, Santa Barbara.

Oddgeir hefur starfað sem framkvæmdastjóri Integra ráðgjafar frá árinu 2014. Árin 2013-2014 var Oddgeir aðalhogfræðingur IFS greiningar, 2012-2013 var hann hogfræðingur á Fjármálastöðugleikasviði Seðlabankans og 2011-2012 forstöðumaður áhættugreiningardeildar lánasviðs Fjármálaeftirlitsins.

Oddgeir settist nýr í stjórn félagsins í nóvember 2015. Hann á engin hlutabréf í félaginu.

Steingrímur Birgisson er forstjóri Höldurs – bílaleigu Akureyrar.

Steingrímur er fæddur árið 1964. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1989. Hann hefur starfað sem forstjóri Hölds frá árinu 2003. Steingrímur situr m.a. í stjórnnum Atlas bílaleigu ehf., Bílaþjónustunni Keflavíkurflugvelli, Jarðbaðanna, Baðfélagi Mývatnssveitar og Tækifæris ehf. Þá situr Steingrímur í stjórn Bílgreinasambands Íslands og sat jafnframt í stjórn SAF í 6 ár.

Steingrímur var fyrst kjörinn í stjórn Íslenskra verðbréfa hf. á aðalfundi 2014. Hann sat áður í varastjórn félagsins. Steingrímur er eigandi Hölds ehf. sem fer með 1,5% eignarhlut í félaginu.

Sigbór Jónsson er framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa hf.

Sigbór Jónsson er fæddur 1976 og tók við störfum sem framkvæmdastjóri félagsins í febrúar 2015. Sigbór lauk B.Sc. í Viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og M.Sc. í fjármálum frá sama skóla. Sigbór hefur einnig lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Sigbór var áður framkvæmdastjóri hjá Straumi sjóðum hf. á árunum 2014-2015, Landsbréfum hf. á árunum 2012-2014, forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Stefni hf. á árunum 2009-2012 og sjóðstjóri hjá sama félagi frá 2004-2009.

Sigbór á 4% eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf. í gegnum Salvus ehf., sem er í 100% eigu Sigbórs.

Í varastjórn félagsins sitja þeir Árni Magnússon og Þorsteinn Hlynur Jónsson.

Gildi og samfélagsleg ábyrgð

Fjármálafyrirtæki sem ekki nýtur trausts og trúverðugleika á litla framtíð fyrir sér. Félagið gerir sér grein fyrir að traust og trúverðugleiki helst í hendur við siðferði starfsmanna. Íslensk verðbréf hf. leggja því höfuðáherslu á að tryggja traust og trúverðugleika félagsins gagnvart hluthöfum, viðskiptavinum og samfélaginu í heild. Þessi atriði endurspeglast í innri reglum félagsins og einnig í þeirri viðskiptahugmynd sem starfsemi þess byggir á, þ.e. að vera óháð eignastýringarfyrirtæki sem keppir ekki við viðskiptavin sína um bestu fjárfestingakostina. Við ráðningu nýrra starfsmanna leitar félagið eftir fólki með reynslu og þekkingu á fjármálamarkaði og óflekkað mannorð.

Félagið hefur sett sem tiltekin gildi sem ætlað er að vera starfsmönnum leiðarljós í störfum sínum. Gildin eru eftirfarandi:

Framúrskarandi þjónusta

Góður árangur

Traust

Liðsheild

Framkvæði

Félagið er einnig meðvitað um samfélagslega ábyrgð sína og hefur hana að leiðarljósi í starfseminni. Félagið hefur meðal annars stutt dyggilega við íþróttaiðkun barna og unglunga sem og ýmis önnur góð málefni.

Samskipti hluthafa og stjórnar

Íslensk verðbréf hf. birta fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu félagsins (www.iv.is) og senda jafnframt út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar hafa orðið. Að auki geta hluthafar hvenær

sem er haft samband við framkvæmdastjóra og/eða stjórnarmenn ef spurningar vakna í huga þeirra.

Á aðalfundum er farið ítarlega yfir starfsemi félagsins og þar er hluthöfum heimilt að tjá sig um málefni félagsins.

Félagið hefur ekki brotið lög, reglur eða tilmæli FME í starfseminni. Félagið hefur ekki verið dæmt eða verið úrskurðað viðurlög vegna brota á lögum um fjármálafyrirtæki eða öðrum lögum og ekki eru til rannsóknar nein brot hjá opinberum aðilum svo vitað sé. Upplýsingar um mál fyrir dómstólum sem félagið á aðild að, sé um það að ræða, er að finna í skýringum í ársreikningi félagsins.

Akureyri, 3. mars 2016


Stjórn Íslenskra verðbréfa hf.


Heiðrun Jónsdóttir

Eiríkur S. Jóhannsson



Oddgeir Ágúst Ottesen



Anna Guðmundsdóttir



Steingrímur Birgisson